



Fundargerð. ***Stjórnarfundur nr. 44.***

Stjórnarfundur Norðurá bs., haldinn í Stekkjarvík þriðjudaginn 15. febrúar 2011 kl:15:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson sem var í símasambandi. Einnig sat Fannar Viggósson fundinn.

Dagskrá

1. Fundargerðir frá fundum nr. 42 og 43.
2. Gjaldskrá urðunarstaðar.
3. Rekstur.
4. Samantekt um lokafrágang framkvæmda.
5. Önnur mál

1. Fundargerðir.

Fundargerðir frá stjórnarfundum nr. 42 og 43 lagaðar formlega fram og samþykktar.

2. Gjaldskrá urðunarstaðar.


Unnið í drögum að gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs í Stekkjarvík og farið yfir gjaldskrár hjá öðrum sorpförgunaradilum. Gjaldskráin samþykkt og ákveðið að senda hana til sveitarfélaga og auglýsa í B deild Stjórnartíðinda.

Margt bendir til að sorpmagn verði eitthvað minna en áætlað var af núverandi starfs- og uppsöfnunarsvæði Norðurá. Minnkandi magn mun hafa áhrif á fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun holunnar og ef það verður mikið minna getur það komið niður á hærri urðunarkostnaði en áætlað var. Farið yfir hugsanlegt framtíðar sorpmagn frá mismunandi svæðum á landinu og á hvaða verði ætti þá hugsanlega að taka við auknu sorpi frá öðrum sveitarfélögum en við erum nú þegar í samstarf við. Fundarmenn voru sammála um gildi þess að fá inn sem mest af sorpi til urðunar en markmiðið með því er að auka rekstarhæfni staðarins og nýta betur þá fjárfestingu sem búið er að gera.

3. Rekstur

Fannar fór yfir stöðuna en búið er að urða 157 tonn til dagsins í dag. Mest af því húsasorp eða 106 tonn, 41 tonn frá fyrirtækjum og 10 tonn af timburkurli. Ekki er farið að berast sorp frá Flokkun Eyjafjörður og ekki úr Skagafirði. Urðunin gengur vel en læra þarf að haga urðun eftir vindi og er Fannar að fylgjast með mismunandi veðrum á aðstaður í holunni. Ákveðið að kaupa litla veðurstöð til að halda betur utan um vindáttir og vindhraða en hugsanlega þarf að setja takmarkanir á urðun við slæm skilyrði.

Búið er að útbúa Excel skjal sem notað er við skráningu á því sorpi sem kemur til urðunar, uppruni og flokkar.



Öll tæki og búnaður hafa að mestu virkað eins og til var ætlast. Gera þarf ráðstafanir vegna vargfugls og var samþykkt hugmynd Fannars um smíði á grind sem hægt er að nota og leggja ofaná sorp meðan á vinnutíma stendur og beðið er fleiri bíla. Með því móti má koma í veg fyrir óþarfa notkun á mól til að hylja.

Rætt um þörf á afleysingarmanni og samþykkt að Fannar og Magnús vinni áfram að því máli. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits NV er búinn að koma og taka sýni úr safnþróum en stjórnin vill að starfsmaður Norðurá annist eins mikla sýnatöku og kostur er í samráði við Heilbrigðisfulltrúa NV.

4. Samantekt um lokafrágang framkvæmda.

Magnús lagði fram staðfestingu á lokaúttekt Kristins Magnússonar hjá Verkfræðistofu Norðurlands ehf., um verk Héraðsverks ehf vegna urðunarhólfs og Stíganda ehf sem sá um byggingu þjónustuhússins. Héraðsverk telst vera búíð að fullnusta verksamning en vegna byggingar þjónustuhúss eru örfá atriði enn í vinnslu sem verið er að ganga frá eða verður gengið frá í vor en í heildina lítur þetta vel út og kostnaður innan áður samþykktra marka og frávika.

5. Önnur mál

Enginn.

Fundi slitið kl. 17:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson